

# **1. Almennar upplýsingar**

## **Heiti**

Greiðslujöfnuður

## **Umsjón hagtalna**

Seðlabanki Íslands, Upplýsingatækni og gagnasöfnun

## **Tilgangur**

Tilgangur með hagtölum greiðslujafnaðar er að mæla viðskipti þjóðarbúsins við erlenda aðila. Hagskýrslugerð um greiðslujöfnuð er í samræmi við staðal Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (IMF) „[Balance of Payments and International Investment Position Manual, 6th edition](#)“ (BPM6). Staðallinn skilgreinir framsetningu, aðferðafræði, verðmat og hugtök.

## **Heimildir**

Hagstofa Íslands mælir vöru- og þjónustuviðskipti. Utanríkisverslun þjónustu byggist aðallega á árlegum og ársfjórðungslegum fyrirspurnum til fyrirtækja. Viðskiptabankarnir, sem og önnur fjármálafyrirtæki, ríkissjóður, Seðlabankinn, og aðrar lánastofnanir auk stærri fyrirtækja gefa mánaðar- og ársfjórðungslegar eða árlegar upplýsingar um viðskipti sín við erlenda aðila. Auk þess er stuðst við gögn frá ríkisskattstjóra og ársreikningaskrá.

## **Lagagrundvöllur**

Grundvöllur upplýsingasöfnunar, uppgjors og birtingar greiðslujafnaðar við útlönd hefur stoð í IX. kafla [laga nr. 92/2019 um Seðlabanka Íslands](#) og [lögum um gjaldeyrismál nr. 87/1992](#). Þessi lög (og viðkomandi reglugerðir, [reglur um upplýsingaskyldu vegna gjaldeyrisviðskipta og fjármagnshreyfinga milli landa nr. 13 frá 1995](#)) kveða á um upplýsingaskyldu innlendra aðila og trúnaðarskyldu starfsmanna Seðlabankans um gögnin sem safnað er til hagskýrslugerðar.

# **2. Aðferðafræði**

## **Hugtök og skilgreiningar**

### **Inn- og erlendur aðili**

Skilgreining á innlendum aðila í BPM6 er samhljóma skilgreiningu í lögum um gjaldeyrismál nr. 87/1992 og merkir sérhvern mann og lögaðila sem hefur fasta búsetu hér á landi samkvæmt lögum um lögheimili, án tillits til ríkisfangs. Undanþegnir búsetuskilyrðum eru námsmenn og starfsmenn sendiráða. Þannig teljast íslenskir námsmenn og skyldulið þeirra sem búa erlendis

vera innlendir aðilar og erlendir sendiráðsstarfsmenn teljast til erlendra aðila. Erlendur aðili merkir alla aðra aðila en innlenda.

## ***Greiðslujöfnuður***

Greiðslujöfnuður sýnir viðskipti milli innlendra og erlendra aðila yfir ákveðið tímabil. Honum er skipt upp í viðskiptajöfnuð, jöfnuð fjárframlaga og fjármagnsjöfnuð. Grundvallarreglan er að viðskiptajöfnuður og fjármagnsjöfnuður, ásamt jöfnuði fjárframlaga, ættu að standast á þar sem afgangur af viðskiptajöfnuði hefur áhrif til aukningar erlendra eigna eða skuldalækkunar en viðskiptahalli aftur á móti gengur á erlendar eignir eða honum er mætt með aukinni erlendri lántöku. Fyrir hver viðskipti eru færðar tvær færslur, fjárhæð þeirra á að vera sú sama og summa þeirra núll. Sem dæmi þá er innflutningur á vörum færður í viðskiptajöfnuð en greiðslan fyrir vörunar kemur fram í fjármagnsjöfnuði. Sé summa viðskipta ekki núll þá koma áhrifin fram í afgangliðnum **skekkjur og vantalið** (e. Errors and omissions). Þar sem hver liður er mældur sjálfstætt með gagnasöfnun frá mismunandi aðilum er alls óvíst að tölurnar standist á. Helstu skýringar á misræmi í greiðslujöfnuði eru eftirfarandi:

- **Tímaskekkja:** Einstakir þættir viðskiptanna eiga sér stað á mismunandi tíma. Sem dæmi má nefna að ef vara er flutt inn á fyrsta ársfjórðungi en greiðsla fyrir hana fer ekki fram fyrr en á ársfjórðungnum á eftir þá veldur það skekkju á báðum fjórðungum. Aftur á móti jafnast skekkjan út yfir lengra uppgjörstímabil.
- **Verðskekkja:** Verð á einstökum þáttum getur breyst frá því viðskiptin eiga sér stað þar til greiðsla er reidd af hendi. Miklar gengisbreytingar geta valdið skekkju og þá sérstaklega samfara tímaskekkju í mælingu.
- **Magnskekkja:** Þekja í gagnasöfnun getur verið mismunandi. Í sumum tilvikum fær Seðlabankinn ekki upplýsingar um alla þætti ákveðinna viðskipta og veldur það skekkjum. Einnig eru tilfelli þar sem Seðlabankinn hefur upplýsingar um stöðustærðir fjármálalegra eigna eða skulda en ekki liggja fyrir gögn um viðskipti með viðkomandi gerninga. Í þeim tilfellum er beitt aðferðum við áætlun viðskiptanna.<sup>1</sup> Iðulega er stuðst við meðaltöl (gengis og/eða verðs) sem getur valdið ónákvæmri niðurstöðu. Því meiri sveiflur í gengi, sem og á

---

<sup>1</sup> Ef breytingar á stöðutölum skýrast af aukinni þekju eru ekki áætlaðar hreyfingar. Mismunur á stöðustærðum vegna þessa kemur fram undir liðnum *aðrar breytingar* (sjá kaflann um erlenda stöðu og fjármagnsjöfnuð)

verðbréfamörkuðum innan tímabils, gera það að verkum að þeim mun erfiðara er að áætla rétt virði viðskipta. Þar að auki geta orðið mannleg mistök í skýrslugerð til Seðlabankans.

### **Viðskiptajöfnuður**

Viðskiptajöfnuður sýnir viðskipti milli inn- og erlendra aðila með vörur og þjónustu, frumpáttatekjur og rekstrarframlög. Niðurstaða viðskiptajafnaðar er mismunur á tekjum af útflutningi, frumpáttatekjum og rekstrarframlögum og á gjöldum vegna innflutnings, frumpáttatekna og rekstrarframlaga. Allar stærðir í viðskiptajöfnuði eru færðar með jákvæðu formerki að undanskilinni endurfjárfestingu hlutfjár og milliliðaverslun sem getur bæði verið með jákvætt og neikvætt formerki. Sjá nánari skýringu á endurfjárfestingu hlutfjár og milliliðaverslun hér að neðan.

### **Vöruviðskipti**

Vöruviðskiptum er skipt niður í þrennt, vöruviðskipti á greiðslujafnaðargrunni, milliliðaverslun og gull sem verslunarvara. **Vöruviðskipti á greiðslujafnaðargrunni** taka til viðskipta þar sem breyting verður á fjárhagslegu eignarhaldi (e. economic ownership) vörunnar milli inn- og erlendra aðila. Í þessu samhengi eru það eigendaskiptin sem segja til um hvort vöruviðskipti séu færð í viðskiptajöfnuð eða ekki. Flutningur á vöru frá einu landi til annars, einn og sér, gefur ekki tilefni til vöruviðskipta ef eigandinn er ennþá sá sami.

Hagstofa Íslands hefur umsjón með gerð hagtalna um inn- og útflutning á vörum samkvæmt utanríkisverslun og mælir inn- og útflutning á vörum sem efnislega eru fluttar til og frá landinu hvort sem breyting hefur orðið á eignarhaldi þeirra eða ekki. Tölur Hagstofunnar sem notaðar eru við uppgjör á greiðslujöfnuði eru aðlagðar að greiðslujafnaðargrunni (breyting á eignarhaldi). Á vef Hagstofunnar er birt brúartafla sem sýnir þær breytingar sem gerðar eru á utanríkisverslunartölum til að aðlaga þær [greiðslujafnaðargrunni](#).

Til **milliliðaverslunar** teljast viðskipti innlendra aðila með vörur sem ekki koma efnislega til Íslands. Sem dæmi má hugsa sér að innlent fyrirtæki kaupi vörur í Þýskalandi og selji þær áfram beint til kaupanda í Danmörku án viðkomu á Íslandi. Þó varan hafi aldrei komið til Íslands er engu að síður um að ræða viðskipti milli inn- og erlendra aðila. Við kaupin á vörunum er færður útflutningur í vöruviðskipti undir milliliðaverslun með neikvæðu formerki. Síðar þegar varan er seld er færður útflutningur í vöruviðskipti á hefðbundinn hátt (með jákvæðu formerki).

Mismunur á kaup- og söluvirði kemur fram undir liðnum *Útfluttar vörur vegna milliliðaverslunar, nettó*. Mismunurinn getur endurspeglað hagnað milliliðarins, ágóða vegna verðhækkunar, tap vegna verðlækkunar eða breytingu á birgðum. Ef um tap er að ræða eða hækkun á birgðum getur nettóútflutningur vara vegna milliliðaverslunar verið neikvæður í einhverjum tilfellum.

**Gull sem verslunarvara** tekur til inn- og útflutnings á gulli öðru en því sem tilheyrir gjaldeyrisforða Seðlabankans.

### ***Þjónustuviðskipti***

Þjónustuviðskipti eru skráð í viðskiptajöfnuð á því tímabili sem þau eru veitt. Þjónustuviðskiptum er skipt í 12 undirflokka en mikilvægastir þeirra eru; framleiðsluþjónusta, samgönguþjónusta og ferðaþjónusta. Aðrir þjónustuflokkar eru viðhalds- og viðgerðarþjónusta, byggingastarfsemi og mannvirkjagerð, trygginga- og lífeyrisþjónusta, fjármálaþjónusta, gjöld vegna einkaréttar og annarra eignaréttinda, fjarskipta-, tölvu og upplýsingaþjónusta, önnur þjónusta, menningar- og afþreyingaþjónusta og opinber þjónusta. Hagstofa Íslands hefur umsjón með gerð hagtalna um [þjónustuviðskipti](#) og hefur gert frá árinu 2009. Eldri tölur eru unnar af Seðlabanka Íslands.

### ***Þáttatekjur***

Skiptast í **frumþáttatekjur** (e. primary income) og **rekstrarframlög** (e. secondary income) sem einu nafni nefnast þáttatekjur.

**Frumþáttatekjur** standa fyrir tekjur og gjöld sem verða til af framlagi hageininga (e. institutional unit) til framleiðsluferlisins eða með því að leigja fjáreignir eða náttúruauðlindir til annarra hageininga. Þær ná yfir laun, fjárfestingartekjur og aðrar frumþáttatekjur.

Til launa teljast öll laun og launatengd gjöld launþega í þeim tilfellum þegar vinnuveitandinn og starfsmaðurinn eru búsettir í sitthvoru landinu. Launatekjur eru taldar fram á vergum grunni, þ.m.t. framlög vinnuveitanda til almannatryggingakerfisins, lífeyrissjóða og annað sem vinnuveitandinn greiðir sem hluta af starfskjörum starfsmanns. Til launa teljast einungis greiðslur milli aðila þar sem samband vinnuveitenda og launþega er fyrir hendi. Að öðrum kosti telst greiðslan til þjónustuviðskipta.

**Fjárfestingatekjur** fela í sér hreinar tekjur af eiginfé (arðgreiðslur og endurfjárfestur hagnaður) og af skuldum (vextir). Með hreinum tekjum er átt við að verð- og gengishagnaður og FISIM eru undanskilin. Fjárfestingartekjur eru flokkaðar samkvæmt starfsemi undirliggjandi fjárfestinga sem eru; bein fjárfesting, verðbréfafjárfesting, önnur fjárfesting eða gjaldeyrisforði og eru sundurliðaðar enn frekar í samræmi við tegund fjárfestingar. Hagnaður eða tap vegna verð- eða gengisbreytinga er aðgreindur frá hagnaði eða tapi af eignahlutum og er ekki meðtalin í fjárfestingatekjum.

Tekjur af **hlutafé og hlutdeildarskírteinum** eru annars vegar arðgreiðslur eða endurfjárfestur hagnaður. **Arðgreiðslur** eru úthlutaðar tekjur sem dreift er á meðal eigenda hlutafjár fyrir að hafa veitt fyrirtækjunum fjármuni þeirra til ráðstöfunar. Arðgreiðslur eru taldar fram á því tímabili sem þær eru greiddar út.

**Endurfjárfestur hagnaður** er reiknuð stærð en til hans telst sá hluti hreins hagnaðar (að undanskildum gengis- og verðbreytingum) sem ekki er greiddur út til hluthafa í formi arðgreiðslna. Í fjárfestingatekjum endurspeglar endurfjárfesting þann hagnað eða tap sem fjárfestir fær af eign sinni á tímabilinu að arði undanskildum (arður er einnig sá hagnaður eða tap sem fjárfestir fær af eign sinni á tímabilinu). Endurfjárfesting, ásamt gengis- og verðbreytingum, endurspeglar þannig breytingu á virði eiginfjár milli tveggja tímabila og er færð í fjármagnsjöfnuð til að endurspeglar aukningu eða minnkun á eiginfjáreign.

Vextir í frumþáttatekjum eru mældir sem hreinir vextir með því að undanskilja **óbeint mælda fjármálaþjónustu** (e. Financial Intermediation services indirectly measured eða „FISIM“) frá „eiginlegum vöxtum“. Vöxtum sem lántakendur greiða má skipta í tvo hluta, hreina vexti (frumþáttatekjur) og óbeint mælda fjármálaþjónustu (þjónusta). Sama gildir um vexti sem innstæðueigendur fá greidda af innstæðum sínum. Á þennan hátt er þjónustuhluti vaxta skilinn frá og skráður sem fjármálaþjónusta í þjónustujöfnuði. Vextir að meðtalinni óbeint mældri fjármálaþjónustu eru sýndir sem sérstakur skýringarliður.

Með óbeint mældri fjármálaþjónustu er átt við að fjármálafyrirtæki bjóða innstæðueigendum lægri vexti en eru á útlánum. Vaxtamunurinn fer í rekstrarkostnað og arð til eigenda. Með þessum hætti greiða lántakendur fyrir þjónustu á óbeinan hátt í formi hærri vaxta í stað þess að greiða sérstök þjónustugjöld til lánveitandans. Að sama skapi eru vextir sem innstæðueigendur fá greidda af innstæðum sínum taldir vera vextir að frádregnu gjaldi fyrir

þjónustu. Óbeint mæld fjármálaþjónusta á aðeins við um lán (eða innlán) sem veitt eru af fjármálafyrirtækjum en ekki t.d. markaðsskuldabréf eða viðskiptalán milli tveggja atvinnufyrirtækja.

**Fjárfestingartekjur verðbréfasjóða í þágu rétthafa**, þ.m.t. af verðbréfasjóðum og fjárgæslusjóðum, samanstanda af arðgreiðslum og endurfjárfestum hagnaði. Sjóðirnir afla sér tekna með því að fjárfesta það fé sem þeir þiggja af hluthöfum. Tekjur hluthafa af fjárfestingarsjóðum eru skilgreindar sem eignatekjur af fjárfestingarsafni sjóðsins að frádregnum rekstrarútgjöldum. Hreinar tekjur fjárfestingarsjóða, eftir að rekstrarútgjöld hafa verið dregin frá, tilheyra hluthöfunum.

Líkt og verðbréfasjóðir þá afla **lífeyris- og skaðabótasjóðir** sér tekna með því að fjárfesta það fé sem þeir fá frá rétthöfum (sjóðfélögum). Hreinar tekjur sjóðanna, eftir að rekstrarútgjöld hafa verið dregin frá, tilheyra rétthöfum.

Til **annarra frumþáttatekna** teljast tekjur af leigu auðlinda. Dæmi um leigu er þegar greitt er fyrir notkun á landi vegna brottnáms á jarðefnum, fiskimiðum, skógum eða beitilandi. Einnig flokkast skattar og niðurgreiðslur á vörum undir aðrar frumþáttatekjur.

**Rekstrarframlög** skiptast í **framlög milli einstaklinga** (e. personal transfers) og **önnur framlög** (e. other current transfers). Framlög milli einstaklinga taka til allra peningasendinga milli einstaklinga sem hafa búsetu í sitthvoru landinu. Algengastar eru peningasendingar einstaklinga, sem flust hafa búferlum til annarra landa í þeim tilgangi að stunda atvinnu, til ættingja í heimalandinu. Önnur framlög samanstanda af framlögum hins opinbera og frjálsra félagasamtaka til þróunarmála, greiðslur launþega í almenna lífeyrissjóði sem og greiðslur lífeyrissjóða til eftirlaunþega. Það sama á við um greiðslur launþega til almannatrygginga sem og greiðslur úr almannatryggingum til einstaklinga í formi elli- eða örorkulífeyris, sjúkradagpeninga o.s.frv. Endurgreiðslur hins opinbera af skatti til erlendra aðila, svo sem endurgreiðslur af virðisaukaskatti til ferðamanna og vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, eru taldar með rekstrarframlögum. Einnig teljast iðgjöld og kröfur vegna skaðatrygginga til annarra framлага.

## ***Jöfnuður fjárframlaga***

**Jöfnuður fjárframlaga** (e. Capital account) mælir fjármagnstilfærslur „án endurgjalds“ milli inn- og erlendra aðila. Til fjárframlaga geta talist fjárfestingastyrkir (e. Investment grants), eftirgjöf skulda (e. Debt forgiveness) eða sérstaklega háar skaðatryggingabætur.

## ***Fjármagnsjöfnuður og erlend staða þjóðarbúsins***

Fjármagnsjöfnuður (e. Financial account) og erlend staða þjóðarbúsins (e. International Investment Position) eru tengd á þann hátt að viðskiptin sem færð eru í fjármagnsjöfnuð útskýra að hluta breytingu á stöðu erlendra eigna og skulda milli tímabila. Í fjármagnsjöfnuð eru skráð hrein viðskipti inn- og erlendra aðila með fjármálalegar eignir og skuldir. Tilgangur með fjármagnsjöfnuði er ekki að mæla fjármagnshreyfingar milli landa, þó svo að líklegt sé að í flestum viðskiptum sé um að ræða flutning fjármagns yfir landamæri, heldur einungis viðskipti milli inn- og erlendra aðila. Viðskipti með erlendar eignir milli tveggja innlendra aðila eru ekki meðtalin í fjármagnsjöfnuði þó svo að viðskiptin feli í sér flutning á fjármagni milli landa. Sama á við um viðskipti tveggja erlendra aðila með innlendar eignir. Slík viðskipti geta samt sem áður haft áhrif á aðilaflokkun fyrir stöðu á erlendum eignum eða skuldum. Sem dæmi má nefna að ef innlend innlánsstofnun kaupir erlent skuldabréf af innlendu atvinnufyrirtæki þá breytir það ekki stöðu á eign þjóðarbúsins í heild heldur kemur einungis fram sem endurflokkun (e. reclassification) milli atvinnugreina.

Ekki eru allar færslur í fjármagnsjöfnuði tilkomnar vegna raunverulegra viðskipta. Í sérstökum tilfellum eru reiknaðar stærðir færðar í fjármagnsjöfnuð jafnvel þó engin viðskipti hafi farið fram. Þetta er gert til að endurspegla undirliggjandi viðskiptasamband (e. underlying economic relationship). Eftirfarandi liðir falla undir ofangreint:

- **Endurfjárfesting hagnaðar.** Til hennar telst sá hluti hreins hagnaðar (að undanskildum gengis og verðbreytingum) sem ekki er greiddur út til hluthafa í formi arðgreiðslna. Endurfjárfesting sýnir breytingu á virði eiginfjár milli tveggja tímabila og er færð í fjármagnsjöfnuð til að endurspegla hækkun eða lækkun á virði eiginfjár.
- **Tekjur lífeyris- og skaðabótasjóða í þágu réttshafa** (e. Investment income earned on technical reserves). Tekjur sem lífeyris- og skaðabótasjóðir hafa af ávöxtun

eigna í þeirra umsjá og hafa áhrif til aukningar á eign rétthafana eru færðar í fjármagnsjöfnuð til að endurspegla aukningu eignanna.

- **Áfallnir ógreiddir vextir af skuldum.** Áfallnir ógreiddir vextir færast í fjármagnsjöfnuð sem aukning á viðkomandi eign- eða skuldalið. Í flestum tilfellum eru vextir þó greiddir reglulega og þá er engin færsla í fjármagnsjöfnuðinn.
- Ef um er að ræða svokölluð kúlulán eða önnur lán þar sem áfallnir vextir bætast við höfuðstól lána eru vextirnir færðir í fjármagnsjöfnuð til hækkunar á láninu án þess þó að raunverulegt fjármagnsflæði sé þar á bakvið.
- Vextir í vanskilum, t.d. af skuldum ILST í slitameðferð frá þriðja ársfjórðungi 2008 til loka ársins 2015, eru einnig færðir til hækkunar á erlendri skuld undir viðkomandi skuldalið þó svo að engin raunveruleg viðskipti hafi farið fram.

Tölur með jákvæðu formerki tákna aukningu eigna eða skulda og tölur með neikvæðu formerki tákna lækkun. Sé heildarjöfnuður með jákvæðu formerki sýnir það nettólánveitingu þjóðarbúsins til erlendra aðila og að sama skapi merkir neikvætt formerki nettólántöku.

**Erlend staða þjóðarbúsins** sýnir, við lok hvers ársfjórðungs, verðgildi fjáreigna innlendra aðila og skuldir þeirra við erlenda aðila. Munurinn á eignum og skuldum er hrein staða þjóðarbúsins og tákna hún þá annað hvort hreina eign eða hreina skuld við erlenda aðila. Neðangreind formúla sýnir þá þætti sem hafa áhrif á eignir og skuldir í erlendri stöðu þjóðarbúsins á gefnu tímabili:

$$\text{Staða í upphafi} + \text{Viðskipti í fjármagnsjöfnuði} + \text{Gengis- og verðbreytingar} + \text{Aðrar} \\ \text{breytingar} = \text{Staða í lok}$$

Að frátöldum viðskiptum í fjármagnsjöfnuði getur virði erlendra eigna eða skulda breyst vegna gengis- og verðbreytinga. Ýmsar ástæður geta verið fyrir öðrum breytingum en þannig getur ósamræmi í gögnum um stöðutölur annars vegar og í gögnum um viðskipti hins vegar leitt til óútskýrðs mismunar. Því meiri sveiflur í gengi, sem og á verðbréfamörkuðum innan ársfjórðungs, þýðir að þeim mun erfiðara er að áætla rétt virði viðskipta. Þegar einstaklingar flytja lögheimili sitt til eða frá landinu getur það haft áhrif á erlenda stöðu þjóðarbúsins ef þeir eiga erlendar eignir eða skulda erlendum aðilum. Það gefur þó ekki tilefni til að skrá viðskipti í



fjármagnsjöfnuð þar sem ekki hafa átt sér stað nein viðskipti heldur mun breytingin koma fram sem önnur breyting.

Markaðsverð er undirstaða verðmats í viðskiptum sem og í stöðustærðum Nafnvirðismat er notað fyrir stöðustæðir í óframseljanlegum viðskiptagerningum svo sem útlánnum, innstæðum og öðrum viðskiptakröfum/viðskiptaskuldum. Eiginfjáreign í beinni fjárfestingu er metin á bókfærðu virði eiginfjár (e. own funds at book value) félags sem fjárfest er í (e. direct investment enterprise). Viðskipti með þessa gerninga eru metin á markaðsverði.

### ***Bein fjárfesting***

Þegar **fjárfestir** (e. Direct investor) í einu landi á 10% eða meira af hlutafé í fyrirtæki í öðru landi (e. Direct investment enterprise) kallast það bein fjárfesting (e. Foreign Direct Investment). Gert er ráð fyrir að þegar eignarhlutur er svo stór eða stærri sé það ætlun fjárfestis að hafa áhrif á stjórnun og stefnu félagsins og stofna til viðskiptasambands til langs tíma. Litið er á lán fjárfestis (framlag hans annað en eigið fé) eða fyrirtækja í hans eigu sem viðbótarfjárfestingu hans í viðkomandi fyrirtæki. Bein fjárfesting í hagtölum greiðslujafnaðar sem og í erlendri stöðu þjóðarbúsins er sett fram eftir svokallaðri eigna- og skuldaaðferð (e. asset and liability principle) en hún felur í sér að eigna- og skuldaliðir eru á vergum grunni (kröfur milli móður- og dótturfélags ekki nettaðar hvor á móti annarri). Sem dæmi má nefna að þessi framsetning felur í sér að lánaskuld innlands fjárfestis við erlent félag í hans eigu er sett fram í skuldahlið erlendrar stöðu þjóðarbúsins en ekki nettuð á móti lánakröfum fjárfestisins á erlenda félagið á eignahlið.

Bein fjárfesting í eiginfé og skuldum eru aðgreindar frekar út frá sambandi milli aðila. Greina má þrjár tegundir beinna fjárfestingarsambanda:

- **Fjárfestingar beinna fjárfesta í beinum fjárfestingarfyrirtækjum** (tengdum félögum). Staða og viðskipti beina fjárfestisins með eigið fé eða lán til beinna fjárfestingafyrirtækja hans (án tillits til þess hvort þau eru undir beinni eða óbeinni stjórn eða áhrifum hans).
- **Öfug fjárfesting.** Þessi tegund sambands nær yfir stöðu og viðskipti beinna fjárfestingarfyrirtækja (tengd félög) með eigið fé (undir 10%) eða lán til beina fjárfestisins.

- **Milli annarra eignatengdra félaga (e. fellow enterprises).** Nær yfir stöðu og viðskipti milli fyrirtækja sem stjórna hvorki né hafa áhrif hvort á annað en eru þó bæði undir stjórn eða áhrifum sama beina fjárfestis.

Einnig er gerð sérstök grein fyrir stöðu og viðskiptum eignatengdra félaga út frá því hvort endanlegur fjárfestir er innlendur, erlendur eða óþekktur aðili.

Endanlegur fjárfestir er sá aðili sem trónir efst í eignarhaldskeðju þar sem stjórn yfir félögum er viðhaldið í gegnum beint eða óbeint meirihlutaeignarhald.

Vakin er athygli á því að tölur um beina fjárfestingu í greiðslujöfnuði, sem og í erlendri stöðu þjóðarbúsins, eru ekki fyllilega samanburðarhæfar við hagtölur beinnar fjárfestingar (aðgengilegar á [Hagtölusíðu Seðlabankans](#)) sem eru settar fram eftir svokallaðri fjárfestingastefnuaðferð (e. directional principle). Samkvæmt henni eru staða og viðskipti, t.d. lánveitingar milli fjárfestis og félags í hans eigu, nettud út og færð á eigna- eða skuldahlið eftir því hvort fjárfestirinn er inn- eða erlendur. Sem dæmi má nefna að nettólánaviðskipti milli innlands fjárfestis og erlends félags í hans eigu væru skráð á eignahlið en lánaviðskipti milli erlends fjárfestis og innlands félags í hans eigu aftur á móti sett á skuldahlið.

Svokölluð **sértæk félög** (e. Special purpose entities) teljast með í beinni fjárfestingu. Sértæk félög eru félög sem oft eru stofnuð í skattalegum tilgangi og hafa litla sem enga eiginlega starfsemi. Nokkur slík félög eru skráð hérlendis en félögin eru að fullu í eigu erlendra aðila og eiga sjálf eignarhlut eða lánakröfur á tengd félög erlendis en engar innlendar eignir. Í raun eru félögin einungis skeljar utan um fjármuni sem flæða í gegnum Ísland og hafa mjög takmörkuð efnahagsleg áhrif. Sértæk félög eru meðtalin í hagtölunum frá og með árinu 2013 en ekki eru til áreiðanlegar upplýsingar um efnahag þeirra fyrir þann tíma. Til að notendur hagtalna geti glöggvað sig á stöðu þjóðarbúsins og flæði í greiðslujöfnuði án sértæku félaganna þá er gerð sérstök grein fyrir umfangi þeirra í skýringarliðum.

Viðskipti með **fasteignir** flokkast undir beina fjárfestingu. Fjárfesting í fasteignum telst ekki til fjármálagerninga og eru sérstakar að því leyti. Viðskipti með fasteignir geta verið með einstaka fasteign en einnig sem fasteignafélög eða eignarhaldsfélög.

Lán milli fjárfestis og fyrirtækja, sem eru tengd honum í beinu fjárfestingasambandi, teljast ekki með beinni fjárfestingu ef báðir aðilar eru innlánsstofnun, verðbréfasjóður eða annað

fjármálafyrirtæki utan tryggingafélaga og lífeyrissjóða. Í slíkum tilfellum er lánið flokkað undir aðra fjárfestingu.

### **Verðbréf**

Til verðbréfafjárfestingar (e. Portfolio investment) teljast skuldaskjöl (e. Debt securities) og hlutafé (e. Equity securities) annað en það sem er í beinni fjárfestingu eða gjaldeyrisforða. Verðbréf eru skuldaskjöl og hlutafé sem eru auðveldlega framseljanleg. Verðbréf eru útbúin þannig að auðvelt er að eiga viðskipti með þau, oftast í kauphöllum eða á óskráðum mörkuðum (e. Over-the-counter-market).

**Hlutabréf** er ávísun á tiltekin eignarhlut hluthafa í fyrirtæki og á eigandi þess rétt á hlut í bókfærðu afgangsvirði fyrirtækisins og árlegum hagnaði þess. Hlutafé flokkast sem verðbréf sé eignahlutur undir 10% í fyrirtæki. Sé eignahlutur stærri en 10% flokkast hann sem bein fjárfesting. Fjárfesting í verðbréfum er oftast hugsuð til skemmri tíma og ólíkt beinni fjárfestingu er tilgangur fjárfestingarinnar ekki að hafa áhrif á stjórn eða stefnu fyrirtækis.

**Hlutdeildarskírteini** er fjármálagerningur sem tilkall til hlutdeildar í sjóði um sameiginlega fjárfestingu. Eigendur hlutdeildarskírteina eiga sama rétt til tekna og eigna sjóðsins í hlutfalli við hlutdeild sína.

**Skuldaskjöl** (e. Debt security) eru viðskiptabréf sem standa til sönnunar um skuld. Meðal þeirra teljast víxlar, skuldabréf, viðskiptabréf, innstæðubréf, skuldaviðurkenningar, eignavarin verðbréf, peningabréf og svipaðir gerningar sem átt er viðskipti með á fjármálamörkuðum.

### **Afleiður**

**Afleiðusamningur** (e. Financial derivative) er fjármálagerningur þar sem verðmæti er háð verðþróun á annarri undirliggjandi eign. Afleiður eru auðkenndar sérstaklega frá öðrum flokkum vegna þess að þær tengjast frekar áhættuyfirfærslu (s.s. vaxtaáhættu, gengisáhættu, hlutafjár- og hrávöruverðsáhættu o.s.frv.) en framboði á fjármunum eða öðru fjármagni. Ólíkt öðrum fjármálagerningum falla engar frumpáttatekjur til vegna afleiða. Viðskipti og stöðustærðir afleiða eru meðhöndlaðar á þann hátt að þær eru aðgreindar frá verðgildi undirliggjandi þátta sem þær tengjast. Ef um er að ræða valréttarsamninga þá eru viðskiptin skráð jafnt og virði gengismunar (þ.e.kaup-/söluverð valréttarsamninga og uppgengið þjónustugjald). Endurgreiðanlegar tryggingagreiðslur ná yfir reiðufé eða aðrar tryggingar sem

lagðar eru fram til að vernda mótaðila fyrir vanskilaáhættu. Þær eru flokkaðar sem innlán undir annarri fjárfestingu. Óendurgreiðanlegar tryggingagreiðslur (einnig þekktar sem síðari kröfur um tryggingarfé) draga úr fjárskuldbindingunni sem sköpuð var með afleiðu og eru því flokkaðar sem viðskipti með afleiður. Afleiður eru flokkaðar í eftirfarandi undirflokk: valréttir, framvirkir samningar og valréttir starfsmanna.

**Valréttur** (e. Option) færir kaupandanum rétt til að kaupa eða selja undirliggjandi eign á samningsverði (e. Strike price) fyrir ákveðna dagsetningu.

Undir afleiður falla einnig **valréttir starfsmanna** (e. Employee stock options) á hlutabréfum í fyrirtæki sem býðst starfsmönnum þess sem hluti af launakjörum þeirra. Ef leyfilegt er að eiga viðskipti með hlutabréfavallrétt starfsmanna á fjármálamörkuðum án hafta er þau flokkuð sem afleiða.

**Framvirkur samningur** (e. Forward contract) er óskilyrtur samningur þar sem tveir aðilar samþykkja að skipta á ákveðnu magni af undirliggjandi eign á samningsverði á ákveðinni dagsetningu.

### ***Annað fjármagn***

Annað fjármagn (e. Other investment) er afgangsflokkur þar sem eru stöðustærðir og viðskipti annarra liða en þeirra sem eru í beinni fjárfestingu, verðbréfafjárfestingu, afleiðum og starfsmannavallréttum, og gjaldeyrisforða. Undir aðra fjárfestingu falla eftirfarandi fjármálagerningar: annað hlutafé, seðlar og innstæður, lán, lífeyris- og skaðabótasjóðir, viðskiptakröfur og fyrirframgreiðslur, aðrar eignir/skuldir óta. og úthlutun sérstakra dráttarréttinda (eignir í sérstökum dráttarréttindum eru taldar með í gjaldeyrisforða).

**Annað hlutafé** (e. Other equity) er hlutafé sem er ekki í formi verðbréfa (e. Security). Það getur innhaldið hlutafé í útibúum (e. Branches), sjóðum (e. Trusts) og samlagshlutafélögum (e. Limited partnership). Eign í mörgum alþjóðastofnunum er ekki í formi hlutabréfs (e. Shares) og er því flokkuð sem annað hlutafé.

**Seðlar og innstæður** (e. Currency and deposits) samanstanda af seðlum og mynt í umferð ásamt innstæðum. Innstæður eru staðlaðir, óframseljanlegir samningar sem innlánsstofnanir bjóða. Binditími innstæðna getur verið mismunandi eftir samningum. Innstæður fela jafnan í sér ábyrgð skuldara á að skila höfuðstólnum aftur til fjárfestis. Innstæður geta verið í

seðlabönkum eða innlánsstofnunum. Millibankalán (e. Interbank positions) og önnur viðskipti milli inn- og erlendra innlánsstofnana falla undir innstæður.

**Lán** (e. loans) eru fjármálaeignir sem verða til þegar lánveitandi lánar fé beint til lántaka.

Þeir **lífeyris- og skaðabótasjóðir** (e. Insurance, pension and standardized guarantee schemes) sem helst hafa áhrif á greiðslujöfnuð og erlenda stöðu þjóðarbúsins hér á landi og eru útskýrðir hér að neðan eru skaðatryggingarsjóður (e. Nonlife insurance technical reserves) og lífeyrisréttindasjóður (e. Pension entitlements). Aðrir flokkar eru líftryggingar og greiðsluréttindi (e. Life insurance and annuity entitlements), önnur lífeyrisréttindi (e. Entitlements to nonpension benefits), kröfur lífeyrissjóða á sjóðsstjóra (e. Claims of pension funds on pension managers) og staðlaðar ábyrgðir (e. Provisions for calls under standardized guarantees).

Eignir sjóðfélaga í lífeyrissjóðum eru ekki endilega jafnar eignum lífeyrissjóðanna því um mismunandi gerðir sjóða er að ræða. Sjóðir geta annað hvort verið réttindatengdir (e. Defined benefit) eða iðgjaldatengdir (e. Defined contribution). Réttindatengdir sjóðir geta verið tvenns konar, fjármagnaðir (e. Funded) eða ófjármagnaðir (e. Unfunded). Eign í réttindatengdum sjóðum er reiknuð út frá tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins. Sé réttindatengdur sjóður fjármagnaður má ætla að eign sjóðfélaga (tryggingafræðileg staða þeirra) á hverjum tíma sé jöfn markaðsvirði eigna í sjóðnum. Hins vegar þegar um ófjármagnaðan réttindatengdan sjóð er að ræða geta eignir í sjóðnum verið minni en tryggingafræðileg staða hans en það er á ábyrgð launagreiðenda að brúa bilið sem myndast á milli. Iðgjaldatengdir sjóðir eru alltaf fjármagnaðir og því er eign sjóðfélaga á hverjum tíma jöfn markaðsvirði eigna í sjóðnum.

Skaðatryggingarsjóðum má skipta í tvennt. Annars vegar sjóðir fyrir greidd en ótekjufærð iðgjöld (fyrirframgreidd iðgjöld) og hins vegar sjóðir fyrir útistandandi tryggingakröfur sem tryggingafélögin búast við að borga vegna orðinna en óuppgerðra atburða. Sjóðirnir eru skuldir tryggingafélaga en eign tryggingartaka. Áhrif þeirra á hagtölurnar eru sambærileg við áhrif lífeyrissjóðanna sem lýst er hér að framan.

**Viðskiptakröfur/skuldir** (e. Trade credit) eru fjárkröfur sem stafa af því að þeir sem bjóða vöru og þjónustu veita viðskiptavinum sínum lengri greiðslufrest eða fá fyrirframgreiðslur (e. Advances) vegna vöru eða þjónustu. Viðskiptakröfur og fyrirframgreiðslur stafa af því að

greiðsla fyrir vörur eða þjónustu fer ekki fram á sama tíma og vörur skipta um eigendur eða þjónusta er veitt.

Flokkurinn **annað óta**. (e. Accounts receivable/payable) tekur til annarra eigna eða skulda en þeirra sem nefndar eru hér að framan. Þar undir geta fallið skuldir vegna skatta, verðbréfavíðskipta, launa eða arðs.

**Úthlutanir sérstakra dráttarréttinda** (Special Drawing Rights eða **SDR**) til aðildarþjóða Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eru skuldir sem viðtakandinn hefur stofnað til með samsvarandi færslu undir sérstökum dráttarréttindum í gjaldeyrisforða.

### ***Gjaldeyrisforði***

Gjaldeyrisforði (e. Reserve assets) eru þær erlendu eignir sem eru ætíð aðgengilegar yfirvaldi á sviði peningamála og undir stjórn þeirra. Gjaldeyrisforði verður að vera eign í erlendum gjaldmiðli, kröfur gagnvart erlendum aðilum og eignir sem eru raunverulega til. Hugsanlegar eignir eru undanskildar.

### ***Meðferð innlánsstofnana í slitameðferð***

Til innlánsstofnana í slitameðferð teljast þrotabú banka og sparisjóða sem sett voru undir skilaneindir í bankahruninu haustið 2008. Áhrifa þeirra gætir á tekju og gjaldahlíð viðskiptajafnaðar frá fjórða ársfjórðungi 2008 til loka ársins 2015. Vextir af skuldunum eru taldir fram í frumþáttatekjum og viðskipti færð í fjármagnsjöfnuð þegar greitt var inn á skuldirnar.

### ***Flokkunarkerfi***

Þar sem því er viðkomið eru einstaka liðir hagtalnanna sundurliðaðir miðað við atvinnugeira innlendra aðila og tegund fjármálagerninga. Einnig eru lánagerningar flokkaðir í skammtíma- og langtímalán eftir því hvort upphaflegur lánstími er til eins árs eða skemur. Sama flokkunarkerfi er fyrir erlenda stöðu þjóðarbúsins, þáttatekjur og fjármagnsjöfnuð. Það auðveldar notendum að bera saman stöðustærðir, viðskipti og tekjur eða gjöld af viðkomandi lið. Við vinnslu hagtalnanna er leitast við að útbúa og birta eins ítarlega flokkun og hægt er. Aftur á móti eru tilfelli þar sem einungis einn eða tveir aðilar falla undir viðkomandi flokk. Í þeim tilfellum er ítarleg sundurliðun ekki birt í því skyni að afhjúpa ekki upplýsingar um einstaka aðila en Seðlabankinn hefur ríkar trúnaðarskyldur gagnvart aðilum sem veita

upplýsingar til hagtölugerðar. Meginreglan sem farið er eftir í þessum efnunum er að í hverjum lið þurfi a.m.k. að vera þrjár aðilar og virði einstaka aðila má ekki fara yfir 80% af heild.

## ***Atvinnugreinaflokkun***

**Seðlabanki**

**Innlánsstofnanir**

**Hið opinbera**

**Aðrir aðilar**

Önnur fjármálafyrirtæki

    Peningamarkaðssjóðir

    Aðrir verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir

Önnur fjármálafyrirtæki

    Fjármálaleg stoðþjónusta

    Vensluð fjármögnunarfélög/fjármálafyrirtæki

    Vátryggingafélög

    Lífeyrissjóðir

Önnur atvinnufyrirtæki, heimili og FPH

    Atvinnufyrirtæki

    Heimili

    Félagasamtök sem þjóna heimilum (FPH)

## ***Flokkun eigna og skulda***

**Bein fjárfesting**

    Eigið fjármagn

    Lánaskuldir

**Verðbréf**

    Hlutafé og hlutdeildarskírteini

        Hlutabréf

        Hlutdeildarskírteini

    Skuldaskjöl

        Skammtíma

        Langtíma

**Afleiður**

**Önnur fjárfesting**

    Annað hlutafé

    Seðlar og innstæður

    Lán

Lífeyris- og skaðabótasjóðir  
Viðskiptakröfur og fyrirframgreiðslur  
Aðrar eignir/skuldir óta.  
Sérstök dráttarréttindi (SDR)

## Gjaldeyrisforði

### **3. Áreiðanleiki gagna**

Gagnasöfnun fyrir hagtölur greiðslujafnaðar er umfangsmikil. Gögnum er safnað frá fjölmörgum innlendum aðilum sem eiga viðskipti við erlenda aðila. Áreiðanleg gagnasöfnun byggist alfarið á því að skýrslur til Seðlabankans séu réttar og að þeim sé skilað tímalega. Aðstæður skilaaðila eru mismunandi en til að mynda eru flest atvinnufyrirtæki í þeirri stöðu að geta ekki skilað endanlegum tölum fyrr en eftir útgáfu á ársreikningi en í flestum tilfellum er það um 6-12 mánuðum eftir lok ársins. Því getur verið 2-3 ára tímatöf á að endanlegar upplýsingar um viðskipti séu teknar með í hagtölurnar. Seðlabankinn safnar aftur á móti ársfjórðungslegum upplýsingum frá fyrirtækjum sem eru með umfangsmikil erlend viðskipti og því á áður nefnd tímatöf einungis við um minni fyrirtæki.

### **4. Endurskoðunaráætlun**

Hagtölurnar fylgja fastri endurskoðunaráætlun þar sem áður birtar tölur eru endurskoðaðar eftir því sem upplýsingar berast. Berist nýjar upplýsingar sem hafa þýðingarmikil áhrif á hagtölurnar er leitast við að uppfæra hagtölurnar sem fyrst. Áætlunin er í töflunni hér að neðan.

Tími	Mars	Júní	September	Desember
Ársfjórðungar	Hámark 15 ársfjórðungar	Hámark 4 ársfjórðungar	Hámark 17 ársfjórðungar	Hámark 6 ársfjórðungar

### **Þekja**

Seðlabankinn leitast við að safna upplýsingum um erlend viðskipti frá öllum aðilum sem þau stunda. Ef þekja er takmörkuð eru tölur áætlaðar út frá gefnum forsendum. Aftur á móti er því ekki viðkomið í öllum tilfellum og á það aðallega við þar sem umfang og tilkostnaður við gagnasöfnun er of mikill í samanburði við mikilvægi gagnanna. Sem dæmi um þetta má nefna eign innlendra einstaklinga í almennum lífeyrissjóðum erlendis. Undir þennan lið gætu



hæglega fallið þúsundir einstaklinga hér á landi og lífeyriseign þeirra að öllum líkindum dreifð á (óteljandi) lífeyrissjóði í mörgum löndum. Sama á við um fasteignir, lán einstaklinga frá erlendum bönkum og fjármálafyrirtækjum, innstæður eða aðrar erlendar eignir innlendra einstaklinga sem ekki eru gefnar upp til skatts hérlendis. Einnig er takmörkuð þekja á fasteignum á Íslandi í beinni eign erlendra aðila (þ.e. ekki gegnum fasteigna- eða eignarhaldsfélög). Hér er aðallega um að ræða fasteignir í eigu einstaklinga. Sé fasteign aftur á móti keypt með aðkomu innlends félags, þ.e. erlendi aðilinn stofnar félag á Íslandi sem kaupir hér fasteign, er eignahlutur hans í félaginu mældur en ekki fasteignin sjálf. Gagnasöfnunin nær heldur ekki til verðbréfa í eigu innlendra aðila, annarra en fjármálafyrirtækja, sem eru í vörslu hjá erlendum vörsluaðilum.

Úrtak beinnar erlendar fjárfestingar er tekið úr skattframtölum rekstraraðila og ársreikningaskrá. Þaðan fást upplýsingar um aðila sem falla undir skilgreiningu beinnar fjárfestingar. Seðlabankinn safnar nauðsynlegum upplýsingum beint frá aðilum í úrtakinu. Leitast er við að aðilar sem eru að baki 80% af samanlagðri stöðustærð beinna fjárfestinga (að sértækum félögum undanskildum) skili inn ársfjórðungslegum skýrslum til Seðlabankans. Upplýsingar frá megninu af öðrum félögum eru fengnar með árlegum skýrslum. Fyrir minni aðila er notast við gögn beint úr skattframtali og í ársreikningi. Því til viðbótar er notast við önnur stoðgögn ef þau þykja áreiðanleg. Gögn úr skattframtali eða ársreikningi sem notuð eru fyrir minni aðila henta ekki eins vel til hagskýrslugerðar og þau sem aflað er beint frá fyrirtækjunum sjálfum. Til að mynda innihalda þau ekki allar flæðistærðir greiðslujafnaðar, s.s. fjármagnstekjur eða viðskipti með eigið fé, en eru aftur á móti áreiðanlegri hvað stöðustærðir varðar.

Almennt má segja um tölur beinna erlendra fjárfestinga að flestar stöðutölur hafa góða þekju<sup>2</sup> þegar búið er að loka árinu en að flæðistærðir minni aðila sem og lánastöður og flæðistærðir milli annarra eignatengdra aðila eru í einhverju magni vantaldar.

Upplýsingar um sértæk félög eru unnar úr ársreikningum félaganna en einnig með árlegum skýrslum séu þær fáanlegar.

---

<sup>2</sup> Þekja stöðutalna takmarkast samt sem áður af því hvort eignir og skuldir séu rétt taldar fram í skattframtali og af skýrsluskilum til ársreikningaskrár.

Aðilar sem ekki svara gagnabeiðnifyrirsurnum Seðlabankans eru áætlaðir út frá eldri gögnum og öðrum tiltækum gögnum að teknu tilliti til gengisbreytinga. Óreglulegir liðir eins og arðgreiðslur, hlutafjárviðskipti og lánahreyfingar eru ekki áætlaðir í beinni erlendri fjárfestingu.

### ***Þekja í sögulegum samanburði***

Hagtölurnar eru í stöðugri þróun og er sífellt leitast við að bæta gagnasöfnun þar sem við á. Ef komið er á nýrri gagnasöfnun er í flestum tilfellum ekki mögulegt að fá söguleg gögn, a.m.k ekki langt aftur í tímann. Því getur komið brot í tímaröðina sem skýrist af nýrri gagnasöfnun.

- **Afleiður** eru einungis mældar með fullri þekju aftur til 2013. Takmarkaðri þekja er frá árunum 2009-2012. Frá 2008 og árin þar á undan eru upplýsingar um afleiðuviðskipti mjög takmarkaðar, sérstaklega afleiðuviðskipti innlánsstofnana.
- **Lífeyris- og skaðabótasjóðir** eru mældir með fullri þekju aftur til ársins 2002 að því er varðar erlendan viðbótarlífeyrissparnað. Fyrir þann tíma liggja engar upplýsingar fyrir.
- **Vextir erlendra langtímalána** færðir í frumþáttatekjur frá árinu 2005 eru skilgreindir sem áfallnir vextir (e. accrual). Fyrir þann tíma voru þeir færðir þegar þeir voru greiddir, þ.e. á vaxtagjalddaga.
- **Sértæk félög** eru mæld aftur til ársins 2013. Fyrir þann tíma liggja engar áreiðanlegar upplýsingar fyrir.

## ***5. Birting***

Greiðslujöfnuður, erlend staða þjóðarbúsins og yfirlit um erlendar skuldir er birt á [Hagtölusíðu Seðlabankans](#) um tveimur mánuðum eftir lok ársfjórðungs. Á sama tíma er einnig gefin út fréttatilkynning með helstu niðurstöðum. Greiðslujöfnuður er unninn á ársfjórðungslegri tíðni og nær tímaröðin aftur til ársins 1995. Seðlabankinn sendir sömu gögn til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og evrópsku hagstofunnar. Gögnin eru aðgengileg á heimasíðum viðkomandi stofnana um 1-2 mánuðum eftir birtingu hér. Greiðslujöfnuður við útlönd er hluti [alþjóðlegs birtingarstaðals IMF](#).